

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2002

frá 8. nóvember 2002

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2002 frá 12. júlí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 frá 17. maí 2002 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur bandalagsins, að því er varðar aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 17a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97) í XXI. viðauka við samninginn:

„17b. **32002 R 0831:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002 frá 17. maí 2002 um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur bandalagsins, að því er varðar aðgang að trúnaðargögnum í vísindaskyni (Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 831/2002, á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 35 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. nóvember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.